



Matvælaráðuneytið

Borgartúni 26

105 Reykjavík

Akureyri, 20. mars 2025

Efni: Umsögn vegna fyrirhugaðra breytinga á reglugerð um strandveiðar

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks, L-lista, Miðflokks, Vinstri grænna og óháður fulltrúi í bæjarráði Akureyrarbæjar veita eftirfarandi umsögn um fyrirhugaðar breytingar á reglugerð um strandveiðar sem matvælaráðuneytið kynnti til samráðs þann 13. mars sl., sbr. mál nr. 58/2025 í samráðsgátt stjórnvalda.

Breytingar á reglugerðinni eru lagðar til í tengslum við fyrirheit ríkisstjórnarinnar um að tryggja 48 daga til strandveiða. Framangreindir fulltrúar í bæjarráði Akureyrarbæjar telja óljóst hvernig reglugerðin ein og sér getur tryggt 48 daga til strandveiða þegar ekkert liggur fyrir um aukinn afla sem óhjákvæmilega þarf að ráðstafa til strandveiða til að uppfylla loforð stjórnvalda. Aðeins hefur komið fram af hálfu atvinnuvegaráðherra í umræðum að undanförunu að aukningin verði tekin innan þeirrar 5,3% aflahlutdeildar sem ríkið fer með forræði yfir.

Afar mikilvægt er að fyrirsjáanleiki ríki um ráðstafanir innan þessa kerfis og til lengri tíma í senn. Ofangreindir fulltrúar í bæjarráði Akureyrarbæjar geta því ekki stutt ráðstafanir sem auka hlut strandveiða á kostnað annarra úrræða innan 5,3% kerfisins, einkum og sér í lagi í ljósi mikilvægis byggðakvóta fyrir brothættar byggðir. Byggðakvótinn hefur jákvæð áhrif þar sem hans nýtur við og stuðlar að stöðugri atvinnu og fjölbreyttu lífi í sjávarbyggðum allan ársins hring, til að mynda í Grímsey. Þannig stuðlar byggðakvótinn að aukinni verðmætasköpun í landvinnslu og auknum útsvarstekjum til sveitarfélaga. Strandveiðar eru einungis stundaðar yfir sumartímamann og stuðla í flestum tilfellum ekki að fjölgum íbúa með fasta búsetu í brothættum byggðum. Stór hluti strandveiðisjómanna á ekki lögheimili í því sveitarfélagi sem róið er út frá. Þá er stór hluti strandveiðiafla fluttur til vinnslu erlendis og greiningar sýna einnig að launahlutfall er töluvert lægra

Í strandveiðum en öðrum veiðum sem skilar sér í minni útsvarstekjum til sveitarfélaga. Í sveitarfélaginu Akureyrarbæ reiðir fjöldi manns sig á störf í sjávarútvegi og afleiddum greinum og því er brýnt að allar breytingar á strandveiðikerfinu taki mið af því að vernda þessi störf og tryggja áframhaldandi atvinnustarfsemi á svæðinu.

Ofantaldir fulltrúar í bæjarráði Akureyrarbæjar eru því ekki fylgjandi að aukið verði við strandveiðar heldur verði frekar lögð áhersla á að fiskveiðar og afleidd áhrif þeirra verði eftir í sjávarbyggðum. Á því hefur orðið misbrestur með auknu vægi strandveiða. Að því leyti taka fulltrúar flokkanna í bæjarráði Akureyrarbæjar, sem taldir eru upp hér að ofan, undir umsagnir varðandi þetta mál frá bæði Ísafjarðarbæ og sveitarfélaginu Skagafirði sem hafa verið birtar í samráðsgátt stjórnvalda.

Virðingarfyllst, fyrir hönd framangreindra bæjarfulltrúa,



Ásthildur Sturludóttir
bæjarstjóri